

Alþingi  
Erindi nr. P 132/504  
komudagur 12.12.2005



Nefndasvið Alþingis  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
Austurstræti 8 -10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. desember 2005  
Tilvísun: 2005110041/90.12  
GA/MBS/BH  
15.11.2005

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál.**

Með bréfi dags. 15. nóvember sl. er beðið um umsögn um ofangreint málefni.

Frá gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Vegagerðin gert nær 90 skýrslur um mat á umhverfisáhrifum. Meðaltal kostnaðar við hverja skýrslu hefur verið áætlað 5 m.kr. eða heildarkostnaður um 450 m.kr.

Verulegur hluti þessa kostnaðar hefur runnið til rannsókna á náttúrufari, en ákvarðanir um þann þátt eru teknar á matsáætlunarstigi í samráði við Skipulagsstofnun eftir umsögn Umhverfistofnunar og hafa þær ekki verið sérlega umdeildar þótt ýmsum þyki kostnaðurinn mikill.

Niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir í matsskýrslum og fylgiskjölum með þeim og eru þannig aðgengilegar. Mikið skortir þó á tengingu þeirra við heildarmynd af náttúrufari landsins, enda hafa verkefnið miðast við umhverfisáhrif einstakra framkvæmda en ekki tekið mið af markvissri uppbyggingu almennrar þekkingar á vistkerfum.

Miðað við þá reynslu sem Vegagerðin hefur aflað af rannsóknum á náttúrufari yrði skráning, flokkun og kortlagning á náttúru alls landsins afar mikið verkefni. Reyndar má telja eðlilegt að ráðast fyrst í úttekt á umfangi verksins og gera áætlun um kostnað og hvernig best sé að standa að því áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmd þess.

Aðgangur að umræddum grunngögnum myndi eflaust auðvelda gerð bæði matsáætlana og matsskýrslna. Líklegt er þó að í mörgum tilfellum yrði eftir sem áður að gera athuganir á vettvangi.

Vegagerðin hefur ekki orðið vör við að skortur á skilgreiningum á lágmarksgögnum eða lágmarksgæðum gagna við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stofnunarinnar hafi skapað ágreining um ákvarðanir Skipulagsstofnunar eða umhverfisráðherra.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri.